

Skrifað í nýju landi

„Jæjabúðin“ eftir Elenu Ilkovu

Við erum stödd í miðri þversögn: Bókmenntir innflytjenda eru ekki til, við þurfum að veita bókmenntum eftir innflytjendur athygli. Bókmenntir innflytjenda eru ekki til í þeim skilningi að þær eru ekki einhver sérstök grein bókmennta. Innflytjendur skrifa alls konar bókmenntir: glæpasögur, ljóð, endurminningar, skáldsögur af öllu tagi og síðast en ekki síst smásögur. Þar að auki eru slík verk skrifuð á ýmsum tungumálum: upprunamálinu, nýja málinu, millimáli eins og ensku, eða á einhvers konar blöndu af málum. Auk þess væri gott að losna við orðið „innflytjandi“ vegna þess að það kallar fram í hugann manneskju sem hefur flutt frá einu landi til annars og sest þar að – hreint og beint, skýrt og klárt, frá A til B. En þannig eru ferðir og flutningar fólks sjaldnast. Ferðirnar geta verið fram og aftur, á milli fjölmargra landa, frá einskismannslandi til flóttamannabúða, til námsferða erlendis og þar fram eftir götunum. Höfundarnir sem hér eru til umræðu eru *émigrés*, útflytjendur, innflytjendur, farandfólk, fólk af erlendum uppruna, fólk sem býr ekki í upprunalandi sínu og skrifar bókmenntir. Það mun því miður ekki takast að losna alveg við orðið innflytjendur, en við tökum því heiti með öllum þeim fyrirvörum sem hér eru nefndir.

Við þurfum að veita slíkum bókmenntum athygli, vegna þess að þannig textar geta stundum lent á milli skips og bryggju og ekki endilega fengið þá fræðilegu umfjöllun sem þeir eiga skilið. En þarna getur einmitt verið nýjabrúmið, öðruvísi skrif og raddir sem þurfa að sanna tilverurétt sinn í nýju landi og við þurfum að hlusta á.

Samband ferðalaga og frásagna er fornt, því ferðalangurinn hefur sérstakt samband við frásagnarhefðir. Þörfin fyrir að segja frá ferðum sínum getur stundum verið yfirþyrmandi, þar sem allt er myndað, öllu deilt (eins og Instagram sögur samtímans eru til vitnis um), en þörfin fyrir að heyra um ókunna staði er



þó mikil og svo er auðvitað ferðalagið sjálft eitt af grunnformum frásagnarinnar. Walter Benjamin ræðir þetta í grein sinni um sögumanninn, hvernig sögumaðurinn er kominn af farandlærlingnum, pílagrímmnum og sjómanninum.¹ Þorsti eftir sögum af framandi slóðum í kyrrstæðum samfélögum er mikill.

Andrew Smith bendir hins vegar á að sambandið milli ferða og frásagna fái gjörólíka merkingu með nýlendustefnunni og afleiðingum hennar.² Nýlendustefnan knúði nefnilega fram mót menningarheima, eða það sem hann nefnir „impelled cultural meeting“.³ Á þeim mótum verða til nýjar frásagnir og svo fá frásagnir af framandi stöðum annan tilgang, eins og Edward Said sýndi fram á í grunnriti póstkólóníal fræða, *Orientalism* (1978). Þar skýrir hann að ein af undirstöðum orientalismans sé að með frásögnum landkönnuða og ferðalanga lærðu Vesturlandabúar að líta á sjálfa sig sem ólíka öðrum.⁴ Þessar frásagnir voru því notaðar til að framandgera aðra menningarheima, draga fram hið „annarlega“ í landslagi og samfélögum og sýna með því fram á yfirburði hins vestræna heims.

Með fólksflutningum og skrifum fólks á ferð á milli menningarheima, flyst menningarmiðjan einnig til, ekki í einhverja eina átt, heldur sundrast og dreifist víða. Ekki er lengur hægt að tala um þjóðir sem eitt ákveðið eðlislægt fyrirbæri eða sem lokaðan menningarheim, hafi það nokkurn tíma verið annað en tálsýn og ekki gengur að hugsa um bókmenntir eins lands sem lokað kerfi (sem einnig var tálsýn), heldur eru menningarafurðir blandaðar, af alls konar uppruna, ekki á einum stað, heldur á milli staða. Áhrif þýðinga á bókmenntasögu þjóðlanda sýna að svo hefur verið um aldir. Þá hafa innflytjendur einnig haft mótandi áhrif á bókmenntir margra landa og landsvæða. Homi Bhabha bendir á að hugmyndir um „tæra“, „ómengaða“ menningu séu óraunhæfar – jafnvel hættulegar. Menningarlegar „rætur“ eru ekki raunverulegar, heldur skapaðar – orðræða sem er búin til.⁵

Í raun á sér ávallt stað blöndun (e. *hybridity*) og samskipti milli menningarheima. Andstæðupörin við/hinin, innfæddur/innflytjandi eiga ekki við og eru gerð til þess að skapa valdaójafnvægi – við ættum að horfa á það sem verður til „á milli“. Þetta sést vel í skrifum fólks á ferð. Innflytjandinn hefur þann mögu-

¹ Walter Benjamin, „The Storyteller: Reflections on the Works of Nikolai Leskov“, *Illuminations*, þýðandi Harry Zohn, London: Fontana Press, 1992, bls. 83–107, hér bls. 85.

² Andrew Smith, „Migrancy, hybridity, and postcolonial literary studies“, *The Cambridge Companion to Postcolonial Literary Studies*, ritstjóri Neil Lazarus, Cambridge: Cambridge University Press, 2004, bls. 241–261, hér bls. 242.

³ Sama heimild, bls. 243.

⁴ Edward Said, *Orientalism*, London: Penguin, 2003.

⁵ Homi K. Bhabha, *The Location of Culture*, London: Routledge, 1994, bls. 59.

leika að opna menningarheiminn, því eins og Said bendir einnig á þá er það að neita að vera kyrr á sama stað róttæk afstaða.⁶ Með hreyfanleika og frásögnum af þessum hreyfanleika, sleppur fólk undan stjórn ríkja og landamæra og takmörkuðum, einstrengingslegum sjálfsskilningi sem ríkið reynir að innræta borgurinum.

Þetta er þó mögulega nokkuð einfölduð og útópísk sýn. Landflutningar koma oft til út úr neyð og fólk hefur sjaldnast val um sinn áfangastað, eins og við sjáum skýrt og greinilega í örlögum hælisleitenda hér á Íslandi og víðar um heim um þessar mundir. En möguleikarnir eru þó þarna fyrir hendi sem liggja í að kanna menningarleg mörk – að vera menningarlegur landkönnuður. Aðkomumaðurinn, utangarðsmaðurinn, einfarinn, sá sem stendur utan við hefðbundið samfélag og óháður því, sú staða er ekki alls ólík langlífum rómantískum hugmyndum um stöðu rithöfundarins – en víkjum að því nánar síðar.⁷

Höfundar af erlendum uppruna hér á landi hafa þar til nýverið farið lágt, en þeim hefur þó verið veitt meiri athygli á undanförunum árum eins og til dæmis þýska öreigahöfundinum Albert Daudistel (1890–1955), en um hann hefur Jonas Bokelmann fjallað í doktorsritgerð sinni sem hann varði við Háskóla Íslands og háskólann í München árið 2024.⁸ Má þá einnig nefna tvímála útgáfu af ljóðum Melittu Urbancic (1902–1984), *Frá hjara veraldar* sem kom út 2014.

Nú hafa hins vegar slíkir höfundar látið til sín taka í íslensku bókmenntalífi undanfarin ár svo um munar. Frá árinu 2016 hefur öflugur hópur sem kennir sig við Ós pressuna gefið út veglegt tímarit sem birtir prósa, ljóð, minningabrot, myndefni og smásögur á mörgum tungumálum. Sama ár var eitt tölublað *Tímarits Máls og menningar* helgað spurningunni „Hvað er íslenskur rithöfundur?“ og mátti þar finna ýmiss konar skrif fólks af ólíkum uppruna og í fyrsta tölublaði sama tímarits árið 2021 voru þó nokkrir textar eftir höfunda af erlendum uppruna, auk þess sem pólsk-íslenski höfundurinn Ewa Marcinek var fengin til að skrifa hugvekjur um efnið í öll fjögur hefti þess árs.

Viðtökurnar við þessum skrifum hérlendis fyrstu árin segja þær Angela Rawlings, Lara W. Hoffmann og Randi W. Stebbins, í grein sem birtist í *Milli mála* árið 2020, hafa einkennst af því að fyrst og fremst að einblína á uppruna höfundanna og að höfundunum hafi illa gengið að ná eyrum bókmenntasam-

⁶ Edward Said, *Culture and Imperialism*, New York: Alfred A. Knopf, 1993, bls. 240. Sjá einnig Andrew Smith, „Migrancy, hybridity, and postcolonial literary studies“, bls. 245.

⁷ Andrew Smith, „Migrancy, hybridity, and postcolonial literary studies“, bls. 259.

⁸ Jonas Bokelmann, *Islandexil and Widerstand im nachgelassenen Spätwerk Albert Daudistels*, doktorsritgerð við Ludvig-Maximilians-Universität München og Háskóla Íslands, 2024.

félagsins.⁹ Þetta hefur þó tekið miklum breytingum á mjög skömmum tíma, sem sést ekki síst á ýmsum viðurkenningum sem höfundar af erlendum uppruna hafa hlotið allra síðustu ár og stórauðinni útgáfu á verkum þeirra.¹⁰

Fjöl margar bækur eftir höfunda af erlendum uppruna hafa komið út á síðustu árum, má þar nefna höfunda eins og Elías Knórr, Helen Cova, Jakub Stachowiak og marga fleiri (og hér skal athuga að allar svona upptalningar bjóða upp á hættur útilokunar og teljast því alls ekki tæmandi) og þá eru ónefndar leiksyningar, upplestrar og uppákomur af ýmsu tagi. Útgáfa Ós pressunnar hefur, eins og Rawlings, Hoffmann og Stebbins benda á, þannig breytt því hvað teljast vera íslenskar bókmenntir, fært til menningarmiðjuna og dreift henni.¹¹

Ewa Marcinek, ein af stofnendum Ós pressunnar, hefur verið ötull talsmaður höfunda af erlendum uppruna. Verk hennar *Ísland pólerað* mætti segja að marki ákveðin pól-skípti í stöðu þessara bókmennta hérlandis. Verkið er samsafn ljóða, minningabrota og stuttra prósa, upphaflega skrifað á ensku og birtust hlutar úr því fyrst á vefsíðu Ewu, og svo í *Tímariti Máls og menningar* 2016. Textinn kom svo út í heild sinni í íslenskri þýðingu hjá Forlaginu 2022 og á ensku hjá Ós pressunni sama ár. Þá hefur verið gerð eftir því leikgerð.¹² Þessi öfluga útgáfusaga á verkinu hérlandis virðist þó ekki duga til að brjótask inn í íslenska bókmenntastofnun, því bókina *Ísland pólerað* (bæði íslenska og enska gerðin) er flokkuð með pólskum bókmenntum á Landsbókasafninu, verk sem að því er ég best veit hefur aldrei komið út í Póllandi eða á pólsku. Ef viðmiðið er fæðingarland höfundarins þá er undirrituð þýskur fræðimaður.

Verkið fjallar meðal annars um stöðu innflytjandans og stöðu rithöfundar í nýju landi. Að rýna í þennan mikilvæga texta bíður þó betri tíma en smásagan sem hér er til umræðu kallast þó nokkuð á við það verk þótt efnistökin séu önnur.

⁹ Angela Rawlings, Lara W. Hoffmann og Randi W. Stebbins, „Multilingual Writing in Iceland. The Reception of Ós Pressan and its Members Nationally and Internationally“, *Milli mála* 12: 2020, bls. 191–220.

¹⁰ Til að mynd hlaut Natasha S. bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2022, Ewa Marcinek og Natasha S. fengu viðurkenningu Íslenskrar málnefndar 2023 og fleira mætti telja. Í kjölfar brautryðjendastarfs Ós pressunnar má nefna safnritið *Póljónia af erlendum uppruna* sem Una útgáfuhús gaf út 2021. Þá hefur Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO unnið öflugt kynningarstarf á þessu sviði.

¹¹ Angela Rawlings, Lara W. Hoffmann og Randi W. Stebbins, „Multilingual Writing in Iceland“, bls. 211.

¹² Ewa Marcinek, „Ísland pólerað“, þýðandi Helga Soffía Einarsdóttir, *Tímarit Máls og menningar* 77: 3/2016, bls. 46–53. Ewa Marcinek, *Ísland pólerað*, þýðandi Helga Soffía Einarsdóttir, Reykjavík: JPV, 2022. Ewa Marcinek, *Polishing Iceland*, Reykjavík: Ós Pressan, 2022. *Ísland pólerað*, höfundur leikgerðar og leikstjóri Pálína Jónsdóttir, frumflutt í Tjarnarbíói 11. mars 2020.

Sagan heitir „Jæjabúðin“ (2021) og er eftir Elenu Ilkovu en Sigbrúður Gunnarsdóttir þýddi úr ensku. Elena, sem er af makedónskum uppruna, hefur einnig birt texta í tímariti Ós pressunnar, til dæmis söguna „Dear Frankenstein, spare me from breast cancer please“ árið 2017.¹³

Aðalpersónan og sögukonan í „Jæjabúðinni“ vinnur „í búð í Reykjavík sem er ekki Bónus eða svoleiðis sem viðskiptavinir elska og starfsmenn hata, af sömu ástæðu: þeir hafa ekkert val.“¹⁴ Í upphafi sögu er okkur sagt að sagan sé um mann sem hafi verið þröngvað upp á sögukonuna: „*Svona byrjar sagan*, með mögulegu veðmáli, *fyrir mann sem einu sinni ekki var*“ (94). Okkar kona mætir í vinnuna, klæðir sig í vinnufötin og fer í skoðunarferð um búðina og endurtekur í sífellu þegar hún er spurð að einhverju og „langt fram á annan mánuðinn sem ég vinn í búðinni“: „*Byrjaði í gær*“ (94). Það fríar hana ábyrgð, hún er bara nýbyrjuð, hún kann þennan frasa og það dugar. Þó er annað orð sem hefði mögulega hentað betur því eins og hún segir: „Hin endanlega lausn er auðvitað Jæja – það orð svarar bæði því þekkta og óþekkta“ (94).

Hún hefur fasta morgunrútinu, byrjar á því að heilsa samstarfsfólkinu, ákveður að klára það snemma dags, gengur um allar deildirnar og spjallar aðeins og spyr svo: „*Gengu-orð, má þetta vera orð?* Fáein orð á göngu án þess að stoppa“ (95). Hér verður til nýtt orð á íslensku, sem höfundur spyr kurteislega hvort megi vera til. Við lestur sögunnar virðist sem svo að ýmis orð og setningar séu upphaflega á íslensku, þótt það sé ekki tiltekið. Endurteknu orðin og frasarnir eins og „jæja“ og „byrjaði í gær“ gefa það til kynna.

Næsti liður í rútinunni er að fara niður í kjallaragreymsluna til að sækja klósettpappír og þar er rödd sem kallar til hennar. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hún heyrir þessa rödd, en engan sér hún, en „kjáninn“ í henni dregur „upp mynd af einhverjum sem búinn er að þvæla sér í ólíklegar en sprenghlægilegar aðstæður“. En það er ekkert fyndið í gangi: „Ekkert svo spennandi gerist á þessum *Jæjastað*“ (96). Röddin hefur verið að reyna að ná athygli hennar í hálfan mánuð og þessa rödd segir hún vera rödd í ákveðnum leiðinlegum manni og sá er farinn að fara í taugarnar á henni:

Ég meina ég hef alltaf svo mikið að gera og það er aldrei tími til að tala, ekki við raunverulegt fólk og því síður ímyndað. Og að röddin til-
heyri karli en ekki konu veit ég fyrir víst vegna þess að ég þekki hann.

¹³ Elena Ilkova, „Dear Frankenstein, spare me from breast cancer please“, *Ós – the journal* 2/2017.

¹⁴ Elena Ilkova, „Jæjabúðin“, þýðandi Sigbrúður Gunnarsdóttir, *Tímarit Máls og menningar* 82: 2/2021, bls. 94–100, hér bls. 94. Hér eftir vitnað til með blaðsíðutali í meginmáli.

Ég bjó hann til [...] Hann er persóna í sögu sem ég hef ekki tíma til að skrifa, og í dag finn ég fyrsta sinn til vorkunnar gagnvart honum. Og sjálfri mér. Og skrifum mínum. Og tíma mínum. Og framtíð minni. *Fortíð, nútíð og framtíð.* (96)

Hún er í leiðinlegu starfi sem tekur allan hennar tíma og hún getur ekki sinnt skrifunum, en fær þau ekki umflúið, persónurnar sem hún hefur búið til elta hana á röndum. Þetta er auðvitað mjög skýrt dæmi um meta-frásögn, sjálfsögu, sem dregur athygli að eigin samsetningu, bókmenntagrein sem Jón Karl Helgason hefur til dæmis gert góð skil í skrifum sínum um Elías Mar og fleiri höfunda.¹⁵ En þetta er ekki bara sköpunarsaga sögunnar sem við erum að lesa, heldur einnig sköpunarsaga höfundarins. Úr formlausum manni með rödd mótar hún sögu, hann er eins konar gölem, og um leið og sagan verður til, verður höfundurinn til. Tengsl meta-frásagna og mýtunnar um göleminn eru margslungin, hvort tveggja er tilbúningur, sköpuð fyrirbæri sem kallast á eins og Úlfhildur Dagsdóttir hefur fjallað ítarlega um í greiningu sinni á verkum Sjóns.¹⁶

Sagan er í aðra röndina dapurleg saga um hlutskipti rithöfundarins sem er í leiðinlegu starfi og hefur ekki tíma til að skrifa, en hún er líka leiftrandi af hómor og bókmenntalegum kúnstum. Sögukonan er sem sagt leið á karlinum og er nokkuð viðkvæm fyrir því þegar hann kvartar undan hlutskipti sínu. Hún verður æf þegar hann kallar hana „svokallaðan rithöfund“, skammar hana fyrir að vinna í búðinni og hermir upp á hana loforð:

Þú sagðist ætla að skrifa þangað til í október og núna bíða ekki bara allar persónurnar þínar fastar í sögum eftir að þú segir þeim hvað á eftir að koma fyrir þær, heldur þurftir þú líka, þessi voooooðalega upptekna manneskja sem þú ert, að búa mig til, til viðbótar við allar hinar persónurnar sem stóðu þegar í röð. (97)

Ög lesandi sér fyrir sér langa röð af ókláruðum sögupersónum sem bíða óþreyjufullar að vita örlög sín. Hún reynir að róa manninn og lofar honum að hún muni segja sögu hans. En vandinn er að hann er ekki fullskapaður, hann er til dæmis hárlaus og án augna. Hún bjargar þó málum með því að lýsa augum hans, en

¹⁵ Jón Karl Helgason, *Sögusagnir. Þrjú tímamótaverk og einu betur*, Reykjavík: Dimma, 2020. Sjá einnig Patricia Waugh, *Metafiction. The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, London: Routledge 1984.

¹⁶ Úlfhildur Dagsdóttir, *Sjónsbók. Ævintýrið um höfundinn, sárrealisma og sýnir*, Reykjavík: JPV, 2016, sjá til dæmis bls. 243.

vill svo að hann hafi líka eitthvað að segja um eigið útlit, til dæmis hvernig fötum hann eigi að klæðast. En hann afþakkar, segist bara þakklátur fyrir að hún hafi búið hann til. Henni finnst það ekki alveg sanngjarnt og reynir því að sveigja atburðarásina á aðrar brautir: „Þetta er fáránlegt, nakinn maður í geymslu, ég meina, hvað í ósköpunum gætirðu verið að gera hérna? Látum þig vera lækni sem þarf að gera aðgerð við þessar aðstæður, eða, ég veit ekki, gerum þig að einhverju allt öðru“ (98).

En nei, hann segist vera sáttur við sitt hlutskipti og vill engu breyta og stöðvar þannig sköpunartilraunir höfundar síns. Persónan hefur tekið völdin af höfundinum og okkar kona verður hálf hrædd við hann. Hún afsakar sig með því að það hafi verið erfitt hjá henni upp á síðkastið, mikið álag, en hann stoppar hana: „Nakta, miðaldra persónan mín stöðvar sjálfsvorkunnarvælið. „Má samtalið einu sinni, bara einu sinni, snúast um eitthvað annað en þig““ (98). Hann segir að hún hafi þó vandamál að glíma við á meðan hann sé ekkert og hann heimtar að saga sín verði sögð. En hún hefur ekki tíma til að ljúka við söguna, hún þarf að vinna, en lofar að segja hana þegar hún getur: „Þetta ertu búin að segja í tvær vikur, samt er ég hér, sögulaus, engin örlög, engar ástæður, engar afleiðingar, engin átök“ (99).

Þarna sér hún hins vegar tækifæri til að stinga upp í hann og segir það blasa við að vissulega séu hér átök beint fyrir framan hann: „Við erum með aðalpersónu – það er ég, og við erum með aukapersónu – það ert þú. Þannig felast átökin í sögunni í því að ég, höfundurinn, hef ekki tíma til að skrifa og gefa persónunni minni eiginleika.“ Þetta list honum ekki á því hann vill vera aðalpersónan sjálfur, sem henni finnst þó ekki vera sannfærandi: „Jæja, hvað viltu að ég geri við sköllóttan, þybbinn, miðaldra mann, sem stendur nakinn í geymslu í stórmarkaði?“ (99). Hún segir að kannski geti hann orðið hluti af einhverri annarri sögu seinna, ef hann samþykkir til dæmis að vera læknir. En hann má ekki heyra á það minnst.

Áður en hún yfirgefur hann spyr hann hvort sagan um hann verði á íslensku, en nei, hún talar ekki íslensku ennþá: „„Svo að hún verður þá á makedónsku, móðurmáli þínu?““ spyr hann. „Hefurðu kannski eitthvað á móti enskunni minni?“ Þarna erum við farin að snerta á viðkvæmu umræðuefni fyrir mig.“ „Jæja, hún verður ekki á makedónsku vegna þess að þá yrði hún svo löng og flókin, ég er flókin höfundur á makedónsku““ (100). Honum finnst að flókin saga myndi henta sér vel, en henni ekki, hún þarf að vinna. Þessi tungumálaflækja vekur hjá honum angist og hann spyr því lykilsurningar að lokum: „„Bíddu,““ æpir hann, „hver á að hlusta? Mun þeim líka enskan okkar? *Eða íslenskan okkar?*““

Ég æpi ekki á móti vegna þess að ég veit að hann heyrir hvort sem er ekki í mér. Svo ég segi við sjálfa mig um leið og ég fer: *Þetta reddast dude, þetta reddast*“ (100).

Þetta er fjöltyngdur texti í margvíslegum skilningi, skrifaður á ensku og eflaust að hluta á íslensku, þýddur á íslensku, skrifaður að hluta „með hreim“. Albert Rossich hefur fjallað um hvernig fjöltyngdir textar brjóti upp hefðbundnar hugmyndir um þjóðarbókmenntir og segir þá geta þannig ógnað hefðbundinni skipan slíkra flokka, en bendir um leið á að fræði eins og samanburðarbókmenntafræði hafi í raun ávallt dregið slíkar skiptingar í efa.¹⁷ Hann flokkar þannig texta í nokkra flokka og mætti hér setja sögu Elenú í þann flokk texta sem skipta á milli tungumála („texts that alternate languages“), því þótt allur textinn sé þýddur á íslensku, þá inniheldur hann bæði íslensku „með hreim“ og hefðbundna íslensku. Rossich segir að algengasta ástæða þess að texti skipti á milli tungumála sé til þess að ná fram og sýna hvernig tungumál/in eru notuð í raun.¹⁸ Í „Jæjabúðinni“ birtist þetta einmitt í notkun á séríslenskum eða óþýðanlegum orðum og frósum eins og „jæja“ og „þetta reddast“ – auk þess er bætt við enskuslettum sem gjarnan heyrist í íslensku talmáli, „dude“.

Í pistli frá 2018 með titlinum „Grein með hreim“ birtir Johanna van Schalwyk ákall til Íslendinga um að samþykkja íslensku fólks af erlendum uppruna: „Fyrir þig, sem fæddur Íslendingur, er það kannski smá áskorun að lesa grein eins og þessi, grein með „hreim“. En fyrir mig, og flestir aðfluttir Íslendingar, er hvern einasti dag stútfullur af svipaðan áskoranum.“ Hún segist þó ekki vera að biðja Íslendinga um að kenna þeim íslensku og leiðrétta þau: „Af hverju ekki? Vegna þess að íslenska er tungumálin okkar líka. [...] við tölum, lesa, skrifa, elska, skamma, rífast og grínast á íslensku á hverjum degi. Þó að við erum ekki jafngott á tungumálið en innfæddra, erum við samt jafningjar ykkar og viljum helst tala saman sem jafningjar.“¹⁹ Saga á borð við „Jæjabúðina“ vekja athygli á þessum málheimi og valdaójafnvæginu sem þar ríkir.

En texti sögunnar er líka fjöltyngdur í öðrum skilningi, því víða koma fyrir skáletruð orð og setningar sem vísa í ýmsa málheima og ýmis málsnið, til dæmis í mál sem mætti kalla búðamál. Þegar sögukonan og nakti kallinn þegja í stutta stund, segir: „*Get ég fengið þögn fyrir tvo [...] hvað kostar það, ég skal borga með korti*“ (97). Og það eru fleiri þannig millikaflar, eins og þegar karlinn spyr hvort hann

¹⁷ Albert Rossich, „An Overview of Literary Multilingualism“, *Comparative Critical Studies* 15: 1/2018, bls. 45–67, hér bls. 49.

¹⁸ Sama heimild, bls. 58.

¹⁹ Johanna van Schalwyk, „Grein með hreim“, *Via*, 1. desember 2018, sótt 9. júní 2024 af <https://via.is/fjolmenning/islenska-sem-annad-mal-grein-med-hreim/>.

sé nakinn og sögukonan rifjar upp sína fyrstu ferð í íslenska sundlaug, en heimur búningsklefans er framandi fyrir margt aðkomufólk: „*Athugið! Vinsamlegast: Þvoið yður vandlega án sundfata áður en gengið er til laugar. Takk fyrir. Takið eftir! Takið eftir! Brjóst út um allt, tek ég eftir*“ (97).

Í þessari stuttu sögu, sem telur aðeins sjö blaðsíður, rúmast margir heimar sem skarast og kallast á. Stórmarkaðurinn er hversdagsleikinn holdi klæddur, óspennandi og einhvern veginn hvorki né, bara svona jæjastaður, heimur starfsfólks sem vill ekki vera þarna. En þar má engu að síður finna annan heim, heim sköpunar og skrifa, sem er reynt að ýta út í horn, ofan í kjallarageymslu, svo úr verður bara rödd í nöktum hálfsköpuðum kalli. Þá fáum við líka sköpunarsögu höfundarins, og sögu þess sem liggur á milli, milli tungumála, menninga og stétta svo fátt eitt sé talið.

Innflytjendur og jaðarsamfélög sýna okkur að menning er ekki lokað og fullgert fyrirbæri eins og áður sagði, heldur margbrotið og fullt af andstæðum og innflytjandinn tákngerir þetta með því að tilheyra ekki einföldum helmingi af andstæðupari – innflytjandi/innfæddur, heldur á sér samastað í millibílinu. Aðalpersónan tilheyrir hvorki eingöngu stórmarkaðnum eða bókmenntaheiminum, heldur er á milli, sveiflast á milli, en tekur samt að endingu sitt pláss með birtingu sögunnar.

Þýsk-íslenski höfundurinn og þýðandinn Kristof Magnússon bendir á í grein sinni „Á svölunum hjá Angelu Merkel“ frá 2016 að gjarnan sé litið á innflytjendur sem talsmenn síns hóps, þeir „séu ekki alltaf teknir alvarlega sem persónur eða rithöfundar.“²⁰ Hér hef ég mögulega gerst sek um slíkt, með því að lesa textann sem sögu eftir innflytjanda fyrst og fremst. En niðurstaða Kristofs er sú að „rithöfundar eru enginn sérstakur hópur. Þeir eru og verða einfatar. Þeir tala fyrir sjálfa sig og engan annan. Og þar með tekst þeim að varpa ljósi á það sem hvílir á hinum almenna borgara.“²¹ Þannig afhjúpar „Jæjabúðin“ hversdagsleika þeirra sem eru fastir í lítt gefandi starfi og hvað gerist þegar sköpunarþrá þeirra og vitundarlíf blæs út fyrir þann hversdagsleika í bókmenntalegum leik.

Það er ekki hlaupið að því að komast inn í íslenskt bókmenntasamfélag. Þetta hafa fjölmargir hérlendir höfundar reynt á eigin skinni, en þegar við bætist annar uppruni, svo ekki sé talað um annað tungumál, þá er nú heldur á brattann að sækja. Joachim B. Schmidt og Helen Cova ræða það bæði í tengslum við úthlutunir listamannalauna í sínum ritgerðum í *Skáldreka: Ritgerðir höfunda af erlendum*

²⁰ Kristof Magnússon, „Á svölunum hjá Angelu Merkel“, *Tímarit Máls og menningar* 77: 3/2016, 86–88, hér bls. 87.

²¹ Sama heimild, bls. 88.

uppruna.²² Valið milli þess að vinna í stórmarkaðinum eða skrifa sögur, verður þannig ekkert val – þetta endar allt í jæjabúðinni.

Að líta á stöðu rithöfundarins og innflytjandans sem sambærilega gerir Ewa Marcinek einnig í fyrstu hugvekju sinni í *Tímariti Máls og menningar* 2021 sem fjallar einmitt um höfund „Jæjabúðarinnar“, Elenu. Ewa segir um þær tvær:

Við vorum innflytjendur löngu áður en við fluttum til Íslands. Í erfðu eða áskipuðu heimalöndunum okkur vorum við áhugasamari um það sem var á jaðrinum, undir teppinu, inni í skápnum. Alltaf að leita að sögum. Skafandi yfirborðið. [...] Að endingu mætti halda því fram að við, innflytjendahöfundarnir sem skrifa þvert á tungumál, séum aðeins dramatískari birtingarmynd þess sem sameinar alla höfunda?²³

Ewa nefnir í lok pistilsins að hugmyndir Stevens G. Kellman um „translingual sensibility“ hafi hughreyst hana.²⁴ Kellman segir að slík meðvitund eða tilfinning feli í sér að gera sér grein fyrir bæði valdinu sem maður hefur yfir eigin tjáningarformi og takmörkunum á því.²⁵ Eins og Kellman bendir á er enginn skortur á nútímahöfundum sem hafa fært sig milli tveggja eða fleiri tungumála og nefnir nokkra lykilhöfunda tuttugustu aldar: Joseph Conrad (pólska – enska), Vladimir Nabokov (rússneska – enska), Samuel Beckett (enska – franska).²⁶ Og þá er ekki skortur á landsvæðum, héruðum, þar sem mörg tungumál eru töluð. Eins og Ewa ræðir í pistli sínum þá er móðurmál Elenu einnig umvafið pólitískum flækjum og mállýskum og sterkum tengslum við önnur tungumál svæðisins, hvers málhafar vilja jafnvel afneita tilvist þess.²⁷ Kellman bendir á að þvermálleg skrif einkenni bókmenntir innflytjenda, ekki endilega af fúsum og frjálsum vilja höfundanna, heldur eru slík einkenni afleiðing sögulegra afla, sem einstaklingurinn hefur litla stjórn á.²⁸

²² Joachim B. Schmidt, „Umsókn hafnað“, þýðandi Benedikt Hjartarson, bls. 61–76 og Helen Cova, „Hlutverkaleikir“, þýðandi Kristín Ingu Viðarsdóttir, bls. 109–122. *Skáldreki. Ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna*, Reykjavík: Reykjavík bókmenntaborg og Una útgefuhús, 2023.

²³ Ewa Marcinek, „Elena“, þýðandi Elín Edda Pálsdóttir, *Tímarit Máls og menningar* 82: 1/2021, bls. 123–127, hér bls. 127.

²⁴ Sama heimild, bls. 127.

²⁵ Steven G. Kellman og Ilan Stavans, „The Translingual Sensibility. A Conversation between Steven G. Kellman and Ilan Stavans“, *L2 Journal* 7/2015, bls. 6–17, hér bls. 6.

²⁶ Steven G. Kellman, „Translingualism and the Literary Imagination“, *Criticism* 33: 4/1991, bls. 527–541, hér bls. 528.

²⁷ Ewa Marcinek, „Elena“, bls. 126.

²⁸ Steven G. Kellman, „Translingualism and the Literary Imagination“, bls. 530.

Í ritgerð sinni í *Skáldreka* skrifar Ewa: „Mig langaði aldrei til að vera innflytjandi, mig langaði alltaf til að verða rithöfundur.“²⁹ En með nýrri rödd, nýju máli, verður til nýtt sjálf, það sem Kellman nefnir „translingual self-begetting.“³⁰ Það er athyglisvert því Kellman hefur einnig sett fram kenningar um meta-skáldskap, eða það sem hann kallar „self-begetting novel“ og tengingarnar þarna á milli koma sérlega vel í ljós í „Jæjabúðinni“ þar sem Elena notar aðferðir sjálf-sögunnar með „translingual sensibility“ til að vekja athygli á tilurð textans og tilurð höfundarins.³¹

Kellman bendir á að það sé erfitt að taka orðum sem gefnum þegar skrifað er á erlendu tungumáli og að þau sem það gera séu ýkt dæmi um það sem rússnesku formalistarnir sögðu vera megineiginleika allra bókmennta: framandgervingu.³² Það framandgerir hversdagsleika stórmarkaðarins að hafa nakinn, hálf-skapaðan mann niðri í geymslu.

Innflytjandinn reynir stundum að finna eitthvað til að samsama sig við í nýja landinu til þess að skapa nýja sjálfsmynd í nýju og ókunnu sambengi. Ewa Marcinek lýsir í fyrrnefndri ritgerð þörf fyrir að sanna tilverurétt sinn: „Mig langar svo mikið til að vera til: ekki bara um stundarsakir heldur fyrir fullt og allt. Ég vona að ef okkur tekst í sameiningu, sem hópi, að finna leið til að vera, gætum við kannski líka *enst*.“ Hún leitar uppi sögur af öðrum innflytjendahöfundum tengdum Íslandi, eins og Albert Daudistel, en einnig Íslendingum sem gerðust innflytjendur í Kanada eins og Júlíana Jónsdóttir og Torfhildur Hólm. Hún speglar sjálfa sig í textum þeirra: „Ég tók þessar konur í fangið og ég tók sjálfa mig í fangið.“³³ Um leið varðveitir hún minningu þessara höfunda og sögu þeirra sem innflytjenda.³⁴ Hún spyr hvort að höfundar sem hafa lent í mótlæti, þau „sem láta í sér heyra þótt þeir séu öðruvísi, framandi [skyldu] einmitt vera raddirnar sem við ættum að treysta? Hver veitir okkur betri innsýn í mennskuna en sögumaður með laskað sjálf?“³⁵

Það mætti segja að smásögur séu vel til þess fallnar, og hafi oft í gegnum tíðina, að segja sögur af jaðrinum, af því sem er á einhvern hátt á skjön við normið.

²⁹ Ewa Marcinek, „Við vorum hér“, þýðandi Kristín Ingu Viðarsdóttir, *Skáldreki. Ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna*, Reykjavík: Reykjavík bókmenntaborg og Una útgáfuhús, 2023, bls. 153–170, hér bls. 153.

³⁰ Steven G. Kellman, „Translingualism and the Literary Imagination“, bls. 533.

³¹ Steven G. Kellman, *The Self-begetting Novel*, New York: Macmillan, 1980. Jón Karl Helgason fjallar einnig um kenningar Kellmans í fyrrnefndu riti.

³² Steven G. Kellman, „Translingualism and the Literary Imagination“, bls. 538.

³³ Ewa Marcinek, „Við vorum hér“, bls. 165.

³⁴ Sama heimild, bls. 158.

³⁵ Sama heimild, bls. 168.

Í því efni sem íslenskir höfundar af erlendum uppruna hafa birt á undanförunum árum, þá er smásagan þar í öndvegi. Það vinnst (að minnsta kosti stundum) tími til að skrifa hana og birtingarvettvangurinn, eins og tímarit Ós pressunnar, er fyrir hendi. Smásagan virðist því á þessum vettvangi ganga í endurnýjun lífdaga, fjöltyngd og fjölbreytt og pota svo fast í menningarmiðjuna að hún sundrast.

ÚTDRÁTTUR

Undanfarin ár hafa rithöfundar af erlendum uppruna haslað sér völl í íslenskum bókmenntum. Þar hefur smásagan verið mikilvæg bókmenntagrein og hafa margar verið birtar á ýmsum tungumálum í tímariti Ós pressunnar og á íslensku í *Tímariti Máls og menningar* og víðar. Höfundarnir sem hér eru til umræðu eru *émigrés*, útflytjendur, innflytjendur, farandfólk, fólk af erlendum uppruna, fólk sem býr ekki í upprunalandi sínu og skrifar bókmenntir. Í greininni er hvatt til þess að við veitum slíkum bókmenntum athygli, vegna þess að þannig textar geti stundum lent á milli skips og bryggju og ekki endilega fengið þá fræðilegu umfjöllun sem þeir eiga skilið. En þarna getur einmitt verið nýjabrumið, öðruvísi skrif og raddir sem þurfa að sanna tilverurétt sinn í nýju landi og við þurfum að hlusta á. Í þessari grein er sagan „Jæjabúðin“ eftir Eleni Ilkovu greind í ljósi eftirlendufræða, frásagnarfræða og út frá hugmyndum um fjöltyngi og innflytjendabókmenntir. Þá er rætt um mikilvægi ferðalagsins í bókmenntasögunni og skoðað hvernig tilfærsla milli menningarheima getur haft áhrif á bókmenntalandslagið.

Lykilorð: smásagan, innflytjendur, eftirlendufræði, fjöltyngi, menningarheimar

ABSTRACT

Writing in a New Country: “Jæjabúðin” by Elena Ilkova

In recent years, writers of foreign origin have gained a foothold in Icelandic literature. The short story has been an important literary genre in this field, and many have been published in various languages in the magazine Ós pressan and in Icelandic in *Tímariti Máls og menningar* and elsewhere. The authors discussed here are *émigrés*, emigrants, immigrants, migrants, people of foreign origin, people who do not live in their country of origin and write literature. The article encourages us to pay attention to such literature, because such texts do not necessarily receive the academic attention they deserve. But this type of writing often entails valuable innovation, different writing and voices that need to prove their right to exist in a new country, and we need to listen to them.

In this article, the story “Jæjabúðin” by Elena Ilkova is analysed in the light of post-colonial studies, narrative studies, and from the ideas of multilingualism and literature of migration. The importance of travel in literary history is also discussed as well as how movements between cultures can affect the literary landscape.

Keywords: the short story, immigrants, postcolonial studies, multilingualism, cultural migration

GUNNÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR

Prófessor í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Háskóli Íslands

gunnth@hi.is

